

Aðalfundarboð

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk verður haldinn
mánudag, 15. júní 2020, kl. 20:00
í samkomusal Skógræktarfélag Reykjavíkur að Elliðavatni,
sjá meðfylgjandi kort.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
2. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram
3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga í samræmi við 4. grein félagslaga
4. Ákvörðun um félagsgjald næsta starfsár
5. Önnur mál
 - Kaup á eldklöppum, sjá næstu síðu
 - Árleg sameiginleg gróðursetning

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum verður fræðsluerindi og kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórn Félags landnema á Fellsmörk

Kaup á Eldklöppum

Undir liðnum önnur mál verður m.a. rætt um kaup á eldklöppum en um slíkt var rætt á aðalfundi okkar á síðasta ári og umræðum sköpuðust nýlega um málið á Facebook síðu hópsins:

<https://www.facebook.com/groups/Fellsmork/permalink/2921958464565973/>

Til nánari útskýringar þá er eldklappa eins konar málmkústur sem er hannaður til að slökkva gróðurelda án þess að nota vatn. Sjá t.d. á vefsíðu um brunavarnir:

<https://www.grodeildar.is/lagmarksutbunadur/>

Eftir umfjöllun hjá stjórn félagsins er lagt til að félagið taki þátt í kostnaði af því að félagsmenn kaupi eldklöppur og hafi við sín hús eða á sínum skikum. Hver og einn félagi myndi ákveða hvort hann tekur þátt en miðað er við að félagið borgi um helming af einni klöppu fyrir hvern greiðandi félaga.

Félagið myndi sjá um að panta klöppurnar og miðað við upplýsingar um verð þá er tillaga stjórnar myndi félagið borga helming af hverri klöppu sem gæti kostað um 12.000 krónur hver og þá myndi félagsmaður greiða helming þess eða 6.000 kr. fyrir eina eldklöppu. Nákvæmari upplýsingar um verð og annað fyrirkomulag mun liggja fyrir á aðalfundinum 15. júní en eldklöppurnar verða væntanlega keyptar í framhaldi af fundinum ef af verður.

Árleg sameiginleg gróðursetning

Gert er ráð fyrir hefðbundinni sameiginlegri gróðursetningu og verður hún laugardag 4. júlí.

